

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar
og Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Mosfellsbær 17. nóvember 2022

Ósk um breytingu á skóladagatali Krikaskóla fyrir skólaárið 2022-2023

Fyrirhuguð er náms- og kynnisferð hjá starfsfólki Krikaskóla í apríl 2023 til Hollands. Í Hollandi er skólakerfið með svipuðu sniði varðandi aldurssamsetningu barna og er í Krikaskóla. Okkur hefur því lengi langað að skoða skólakerfið þar og fara í skólaheimsóknir. Fyrir Covid-19 voru slíkar áætlanir komnar af stað innan skólans, ferðinni hefur því verið frestað nokkrum sinnum.

Til að skapa okkur rýmri tíma óskum við því eftir að færa starfsdag sem áætlaður var 22. maí 2023 til 19. apríl 2023. Þannig fengjum við þrjá samfellda daga fyrir alla starfshópa innan skólans og því væri auðveldara að koma við skólaheimsóknum að morgni dags.

Ósk um þessa breytingu var rædd á fundi Skólaráðs í morgun og engir fyrirvarar voru gerðir þar. Ríkur skilningur kom fram á þörfum starfshópa í skólakerfinu til að eiga ánægjulegar stundir, fræðast og eiga faglegt samtal að loknum strembnum tímabilum.

Virðingarfyllst,



Þrúður Hjelm

Skólastjóri Krikaskóla